

Úrskurður áfrýjunardómstóls KSÍ

Ár 2013, þriðjudaginn 29. október, kl. 16,00, er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu knattspyrnusambandsins í Laugardal, af Jóhannesi Albert Sævarssyni, Herði Felix Harðarsyni og Lúðvík Erni Steinarssyni.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 2/2013

knattspyrnudeild Fylkis

gegn

aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi

dómur

I.

Mál þetta dæma Jóhannes Albert Sævarsson, Hörður Felix Harðarson og Lúðvík Örn Steinarsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður féll á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 24. september 2013, en með úrskurðinum var áfrýjanda, knattspyrnudeild Fylkis, ákvörðuð sekt að fjárhæð kr. 35.000.

Áfrýjandi krefst þess að hinn kærði úrskurður verði endurskoðaður og breytt þannig að sektarákvörðun aga- og úrskurðarnefndar verði felld niður.

Varnaraðili krefst staðfestingar á hinum kærða úrskurði.

Samkvæmt gr. 8.2. í reglugerð um áfrýjunardómstól KSÍ skulu ný gögn ekki lögð fyrir dómin, né skulu þar fara fram vitna- og aðilaskýrslur, en dóminum er þó veitt heimild til þess að víkja frá þessum reglum.

Eins og mál þetta er vaxið telur dómurinn að ekki séu efni til þess hér að frá nefndri meginreglu verði vikið.

II.

Helstu málavextir eru þeir að þann 22. september 2013 fór fram leikur í Pepsí-deild karla á Fylkisvelli í Reykjavík á milli Fylkis og Víkings Ólafsvík. Úrslit leiksins urðu 2-1. Leikskýrsla var send inn til KSÍ sama dag.

Daginn eftir, eða þann 23. september sl., sendi dómari leiksins, Erlendur Eiríksson, frá sér sérstaka skýrslu sem fjallar um tvö atvik sem áttu sér stað meðan á leik stóð. Það fyrra gerðist eftir að

flautað hafði verið til hálfleiks þegar liðin gengu till búningsherbergja sinna. Atvikið varð á grassvæði fyrir neðan leikvanginn á bak við auglýsingaskilti, hvorki sýnilegt frá leikvelli eða stúku. Orðrétt segir í skýrslu dómarsins:

„Ekki skal getið um upphaf þessarar uppákomu hér, þar sem að undirritaður varð ekki vitni að upphafinu. Þegar okkur bar að garði var all heitt í mönnum og gerðum við allt í okkar valdi til að róa mannskapinn.

Starfsmaður leiksins, vallarpulur á Fylkisvelli, hafði sig mikið í frammi. Hrinti hann einum leikmanni Víkings þannig að hann féll í jörðina. Þurftu gæslu menn að hafa sig alla við að halda aftur af starfsmanninum. Þurfti að halda honum en þá hrópaði hann ókvæðisorðum að leikmönnum Víkings.

Óskuðum við að honum væri vísað frá öryggissvæðinu sem að er ætla starfsmönnum leiksins. Þegar að við vorum að bíða eftir að lið kæmu úr búningsklefum til síðari hálfleiks þurftum við að ítreka að honum yrði vísað frá þar sem að hann var enn á þessu svæði.

Einnig skal þess getið að aðstoðardómari nr. 1 þurfti að biðja gæslu mann um að hætta afskiptum af dómgæslu í fyrri hálfleik á meðan að leik stóð“

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 24.09.2013 var fjallað um framkvæmd ofangreinds leiks samkvæmt skýrslu dómara. Vísað er til þess að knattspyrnudeild Fylkis beri ábyrgð á framkomu starfsmanna sinna og er vísað til greinar 13.9.4. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarnefnd í því efni. Þá beri knattspyrnudeild Fylkis einnig alla ábyrgð á því að öryggi leikmanna sé tryggt sbr. ákvæði greinar 18.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Aga- og úrskurðarnefndin leit mál þetta alvarlegum augum og ákvað nefndin á fundi sínum 24. september sl. að sekta Fylki vegna málsins um kr. 35.000. Með bréfi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ dags. 27. september 2013 var knattspyrnudeild Fylkis tilkynnt um sektarákvörðun nefndarinnar. Í bréfinu til kæranda hefur misritast á einum staða að fundurinn hafi verið haldinn 25. september sl., en hið rétt er að fundurinn fór fram 24. september sl.

III.

Knattspyrnudeild Fylkis kærði úrskurð aga- og úrskurðarnefndar KSÍ til áfrýjunardómstóls KSÍ. Ekki verður séð af gögnum málsins hvaða dag kæran barst skrifstofu KSÍ, en gera verður ráð fyrir að það hafi gerst innan kærufrests. Krafist er niðurfellingar sektar sem knattspyrnudeild Fylkis var ákvörðuð, eins og áður greinir.

Kærandi lýsir málavöxtum með augum vitnisins Hermanns Erlingssonar, gæslumanns á leiknum sem jafnframt situr í stjórn meistaraflokksráðs karla hjá knattspyrnudeild Fylkis. Til grundvallar kærinni er einkum lögð sú fullyrðing vitnisins að dómara leiksins hafi ekki verið komnir af leikvelli og eftirlitsmaður með leiknum hafi ekki verið á svæðinu þar sem atburður sá sem sektað er fyrir átti sér stað og þeir hafi því ekki séð hvað fram fór.

Tilvísun aga- og úrskurðarnefndar í grein 13.9.4. í reglugerð um nefndina eigi ekki við þar sem starfsmaður Fylkis, vallarpulur leiksins, hafi skorist í leikinn þegar leikmaður Fylkis hafði orðið fyrir árás af hálfu leikmanns Víkings Ólafsvík í þeim tilgangi að koma í veg fyrir frekari ryskingar á milli leikmanna.

Hvað varðar síðan vísan aga- og úrskurðarnefndar í grein 18.3. reglugerðar um knattspyrnumót þá hafi starfsmenn Fylkis einmitt gert það sem af þeim var ætlast eða að tryggja öryggi dómara og annarra leikmanna.

Röksemdir kæranda fyrir sýknu, eða niðurfellingu ákvörðunar um sektargreiðslu, eru þær að kæranda finnst með öllu óeðlilegt að félagið sé sektað á grundvelli skýrslu dómara sem sá ekki hvað gerðist, veit ekki um röð atvika og hefur því enga möguleika til að leggja mat á hver hefi verið gerandi eða þolandi í þessum tilviki, hvað þá að hann viti hver atburðarásin var í raun og veru, heldur sé eingöngu byggt á getgátum hans um hvað gerist, en ekki staðreyndum.

Í skýrslu Erlends Einarssonar dómara leiksins dags. 23. september 2013 er getið tveggja atvika sem áttu sér stað á meðan á leik Fylkis og Víkings Ólafsvík stóð þann 22. september 2013. Hvorugs atvikanna er getið í sjálfri leikskýrslunni sem dagsett er 22.09.2013, hvorki í þeirri sem var handfærð strax að leik loknum né þeirri sem send var rafrænt inn á vef KSÍ. Dómarinn sendi frá sér sérstaka skýrslu næsta dag um atvikin. Var skýrslan tekin fyrir af aga- og úrskurðarnefnda KSÍ á fundi nefndarinnar þann 24.09. sl. án þess að knattspyrnudeild Fylkis væri gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Á fundi nefndarinnar var tekin ákvörðun um að sekta kn. Fylkis vegna atvikanna. Kæranda var tilkynnt um úrskurð aga- og úrskurðarnefndar KSÍ með bréfi dags. 27.09. sl. Má ætla að kærandi, knattspyrnudeild Fylkis, hafi fyrst fengið vitneskju um skýrslu dómarans frá 23.09. sl. og efni hennar eftir að aga- og úrskurðarnefnd KSÍ úrskurðaði kæranda sekt á grundvelli skýrslu dómarans. Slíkt getur ekki talist ásættanleg málsmeðferð. Kærandi ber hins vegar ekki fyrir sig þessa hnökra á málsmeðferð aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í kæru sinni til áfrýjunardómstóls KSÍ.

Kærandi byggir kæru sína aftur á móti á þeirri fullyrðingu vitnisins Hermanns Erlingssonar að dómarar leiksins geti ekki hafa orðið vitni að þeim atburðum sem leiddu til sektarinnar og eins á því að starfsmenn kæranda hafi gert það sem í þeirra valdi stóð til að tryggja öryggi dómara og leikmanna. Því skuli kæranda ekki gerð sekt í málinu.

Framburður vitnisins, Hermanns Erlingssonar, stangast í veigamiklum atriðum á við skýrslu dómara leiksins, Erlends Eiríkssonar. Í skýrslunni er þess sérstaklega getið að dómarar leiksins hafi ekki orðið vitni að upphafi atviksins eða upptökum. Þá hafi aftur á móti borið að garði síðar og er því lýst að þeir hafi orðið vitni að því þegar starfsmaður leiksins, vallarpulur á Fylkivelli, hafi haft sig mikið í frammi og hrint einum leikmanni aðkomuliðsins þannig að hann féll í jörðina.

Þá hafi aðstoðardómari nr. 1 þurft að biðja gæslumann að hætta afskiptum af dómgæslu í fyrri hálfleik á meðan á leik stóð. Um þetta síðar talda atvik er í raun ekkert fjallað með beinum hætti í kæru til áfrýjunardómstóls KSÍ. Þannig er því ekki mótmælt að atvik þetta hafi átti sér stað eins og því er lýst í skýrslu dómara.

Vitnið Hermann Erlingsson hefur augljóslega upplifað atburðinn með öðrum hætti en dómari leiksins. Það er ekki hlutverk vallaþular að ganga á milli manna eða gæta öryggis leikmanna og dómara. Óumdeilt er að vallaþular leiksins beitti sér í því sem hann taldi vera innbyrðis deilu leikmanna á leið þeirra til búningsherbergja í hálfleik. Þar með var vallaþular kominn úr fyrir sitt verksvið sem starfsmaður kæranda og verður framkoma hans, eins og henni hefur verið lýst, að teljast ógnandi. Ekkert er fram komið sem dregur úr trúverðugleika frásagnar dómara leiksins og verður því að leggja til grundvallar þá lýsingu á atburðum sem birtist í skýrslu dómara. Atvik þau sem lýst er í skýrslu dómara verða að teljast alvarleg. Fellst dómurinn á mat aga- og úrskurðarnefndar KSÍ á alvarleika brotanna og þykir rétt að staðfesta úrskurð aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 24. september 2013.

IV.

Að öllu framansögðu virtu er það niðurstaða dómsins að fallist er á það með aga- og úrskurðarnefnd KSÍ að rétt hafi verið að sekta kæranda vegna háttsemi starfsmanns við framkvæmd leiksins með vísan til greinar 13.9.4. í reglugerð um aga- og úrskurðarnefnda og greinar 18.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Það er niðurstaða áfrýjunardómstóls KSÍ að sekt kæranda hafi verið hæfilega ákveðin í úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ og því ber að staðfesta sektarfjárhæðina.

Dómurinn kom fyrst saman vegna málsins 14.10. sl. Vegna frekari gagnaöflunar og annríkis dómenda hefur dregist nokkuð að kveða upp dóm þennan.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Jóhannes Albert Sævarsson

Hörður Felix Harðarson

Lúðvík Örn Steinarsson